

AUGLÝSING

um menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli Íslands og alþýðulýðveldisins Póllands.

Hinn 23. maí 1970 fóru fram bréfaskipti milli Péturs Thorsteinssonar, ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, og Adam Willmann, aðstoðarutanríkisráðherra alþýðulýðveldisins Póllands um eflingu menningar-, vísinda- og tæknitengsla milli Íslands og Póllands. Texti bréfanna í íslenskri þýðingu er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 15. júní 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

Hr. Pétur Thorsteinsson,
ráðuneytisstjóri
utanríkisráðuneytis Íslands.

Varsjá, 23. maí 1970.

Ég leyfi mér að skýra yður frá því, að ríkisstjórn Póllands, er óskar að efla menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli alþýðulýðveldisins Póllands og Íslands með það fyrir augum að styrkja enn vinsamlega sambúð milli Póllands og Íslands, og hafa í huga óskir beggja landanna um friðsamlega sambúð, telur æskilegt:

- að stuðla á allan hátt að eflingu menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli landanna á grundvelli meginreglanna um virðingu fyrir fullveldi, afskiptaleysi af innanríkismálum, jafnrétti og vinsamleg samskipti;
- að stuðla að eflingu samvinnu og samskipta á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar, fræðslumála, leiklistar, kvikmynda, bókmennta, myndlista og hljómlistar, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstakra fulltrúa menningarmála, vísindamanna, kennslufrömuða, stúdenta og sérfræðinga, með því að greiða fyrir ferðum listamanna til hljómleikahalds og fyrir sýningum, svo og með því að greiða fyrir þýðingum og útgáfum í báðum löndunum á skáldverkum og vísinda- og tækniritum hins landsins;
- að greiða fyrir, eftir því sem um semur, skiptum á sendinefndum úr hópi félagssamtaka, er starfa að vináttu og menningarsamskiptum, samtaka verkamanna, verkalýðsfélaga, æskulýðssamtaka og annarra samtaka, sem óbundin eru ríkisstjórnunum, í Póllandi og á Íslandi, í því skyni að öðlast reynslu af og kynnast menningar- og félagslífi hins landsins, enda taki umrædd samtök ákvörðun um framkvæmd slíkra skipta;
- að greiða fyrir íþróttamanna- og ferðamannaskiptum milli landanna.

Ég vona, að þessi samskipti og tengsl muni stuðla verulega að eflingu vinsamlegrar sambúðar milli landa okkar.

Virðingarfyllst,

Adam Willmann,

aðstoðarutanríkisráðherra alþýðulýðveldisins Póllands.

Hr. Adam Willmann,
aðstoðarutanríkisráðherra
alþýðulýðveldisins Póllands.

Varsjá, 23. maí 1970.

Ég leyfi mér að skýra yður frá því, að ríkisstjórn Íslands, er óskar að efla menningar-, vísinda- og tæknitengsl milli Íslands og alþýðulýðveldisins Póllands með það fyrir augum að styrkja enn vinsamlega sambúð milli Íslands og Póllands, og hafa í huga óskir beggja landanna um friðsamlega sambúð, telur æskilegt:

- að stuðla á allan hátt að eflingu menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu milli landanna á grundvelli meginreglanna um virðingu fyrir fullveldi, afskiptaleysi af innanríkismálum, jafnrétti og vinsamleg samskipti;
- að stuðla að eflingu samvinnu og samskipta á sviði vísinda, tækni, æðri menntunar, fræðslumála, leiklistar, kvikmynda, bókmennta, myndlista og hljómlistar, með því að greiða fyrir ferðum sendinefnda og einstakra fulltrúa menningarmála, vísindamanna, kennslufrömuða, stúdenta og sérfræðinga, með því að greiða fyrir ferðum listamanna til hljómleikahalds og fyrir sýningum, svo og með því að greiða fyrir þýðingum og útgáfum í báðum löndunum á skáldverkum og vísinda- og tækniritum hins landsins;
- að greiða fyrir, eftir því sem um semur, skiptum á sendinefndum úr hópi félagssamtaka, er starfa að vináttu og menningarsamskiptum, samtaka verkamanna, verkalýðsfélaga, æskulýðssamtaka og annarra samtaka, sem óbundin eru ríkisstjórnnum, á Íslandi og í Póllandi, í því skyni að öðlast reynslu af og kynnast menningar- og félagslífi hins landsins, enda taki umrædd samtök ákvörðun um framkvæmd slíkra skipta;
- að greiða fyrir íþróttamanna- og ferðamannaskiptum, milli landanna.

Ég vona, að þessi samskipti og tengsl muni stuðla verulega að eflingu vinsamlegrar sambúðar milli landa okkar.

Virðingarfyllst,

Pétur Thorsteinsson,
ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytis Íslands.

AUGLÝSING

um gildistöku samnings um Alþjóðasjómælingastofnunina.

Hinn 22. september 1970 gengur í gildi samningur um Alþjóðasjómælingastofnunina, sem undirritaður var í Monaco hinn 3. maí 1970, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum C, nr. 6/1968.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með tilvitnaðri auglýsingu.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 31. júlí 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.